

56. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

57. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim. Hann annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, reikningshald og gjaldheimtu á þeim gjöldum sem ekki hafa verið öðrum falin með lögum, eða samningum. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

58. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningar-samning um kaup þeirra og kjör.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Mýrahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Eskifjarðar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 5. febrúar 1992 staðfest breytingu á gildandi aðalskipulagi Eskifjarðar 1988–2008 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að lóð undir aðveitustöð Rafmagnsveitna ríkisins er flutt frá stað ofan byggðar að Dalbraut, aðalgötu á þessu svæði.

Umhverfissráðuneytið, 14. febrúar 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.